

Alþingi
Erindi nr. P 140/1141
komudagur 22. 2. 2012

From: Sigríður Friðjónsdóttir [<mailto:sigridur.fr@tmd.is>]
Sent: 22. febrúar 2012 16:30
To: Elín Valdís Þorsteinsdóttir
Cc: Helgi Magnús Gunnarsson; Jenný H. Björnsdóttir
Subject: RE: Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd - beiðni um upplýsingar

Sæl vertu.

403. mál

Meðfylgjandi sendast upplýsingar um fjölda mála á árunum 2006-2011 þar sem ákæru voru afturkallaðar og fallið frá saksókn. Vegna galla í málaskrárkerfi lögreglu og ákærvalds fram til ársins 2006 (sama málið talið oftast en einu sinni í mörgum tilvikum) er ekki unnt að gefa upplýsingar um málafjölda lengra aftur í tímann. Málin eru af öllum stærðum og gerðum, ef svo má að orði komst, en allnokkur hluti þeirra varðar brot á umferðarlögum.

Með kveðju,
Sigríður J. Friðjónsdóttir
RÍKISSAKSÓKNARI / DIRECTOR OF PUBLIC PROSECUTION
Hverfisgötu 6
150 Reykjavík
Sími / Tel: (+354) 530-1600
Bréfasími / Fax: (+354) 530-1606

Ár	Fjöldi mál	Fjöldi mála
	Fallið frá saksókn	Ákæra afturkölluð
2006	252	145
2007	182	145
2008	359	200
2009	202	101
2010	290	54
2011	325	31
	Samtals	676

Ákæra var gefin út aftur í 232 málum af þeim 676 þar sem ákæra var afturkölluð.

Ástæða þess að ákæra er afturkölluð er ekki lögbundin, en eftirgreindar skýringar eru skráðar við nokkur málanna sem um ræðir:

- a. Ákærði látinn
- b. Sekt greidd
- c. Farinn af landi brott
- d. Málið fyrnt
- e. Kæra dregin til baka

Ástæður (skilyrði) þess að fallið er frá saksókn eru eftirgreindar, sbr. lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og lög um meðferð sakamála nr. 88/2008, sem tóku gildi 1. janúar 2009:

Lög nr. 19/1991

■113. gr. 1. Falla má frá saksókn þegar beita má ákvæðum almennra hegningarlaga um frestun ákæru. Enn fremur fellur málsókn niður ef sakborningur gengst undir viðurlög skv. 115. gr., nema svo standi á sem þar segir í 6. mgr.

□2. Einnig má falla frá saksókn þegar svo stendur á sem hér segir:

- a. ef brot er mjög smávægilegt,
- b. ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum samkvæmt fyrirmælum almennra hegningarlaga,
- c. ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulegum þjáningum og málsókn þykir ekki brýn af almennum refsivörsluástæðum,
- d. ef sækja á mann til sakar í einu máli út af fleiri brotum er heimilt að falla frá saksókn út af brotum sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga; enn fremur má falla frá saksókn ef svo stendur á sem í 78. gr. almennra hegningarlaga segir og ætla verður að ekki yrði um frekari refsingu að ræða þótt sakfelld yrði,
- e. ef nauðung eða fjárkúgun hefur verið framin með hótun um kæru fyrir refsivert athæfi er heimilt að falla frá saksókn fyrir það brot ef það er ekki því stórfelldara,
- f. ef sérstaklega stendur á og telja verður að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

Núgildandi lög nr. 88/2008

■146. gr. Málsókn fellur niður ef sakborningur gengst undir eða honum eru ákveðin viðurlög skv. XXIII. kafla, sbr. þó 3. mgr. 148. gr. og 4. mgr. 149. gr.

□Falla má frá saksókn með því að fresta ákæru skilorðsbundið samkvæmt almennum hegningarlögum.

□Enn fremur má falla frá saksókn þegar svo stendur á sem hér segir:

- a. ef brot er smávægilegt eða fyrirsjáanlegt er að umfang málsins verði í verulegu ósamræmi við þá refsingu sem vænta má,

b. ef sakborningur og brotápoli hafa komist að samkomulagi og sakborningur hefur efnt það fyrir sitt leyti,

c. ef sakborningur virðist vera ósakhæfur og ekki er nauðsynlegt að gera kröfu um að hann verði beittur öryggisráðstöfunum,

d. ef brot hefur valdið sakborningi sjálfum óvenjulega miklum þjáningum eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því að fallið sé frá saksókn, enda verði að telja að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar.

Nú kemur til greina að sækja mann til sakar í einu máli út af fleiri brotum og er þá heimilt að falla frá saksókn vegna þeirra brota sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga. Enn fremur má falla frá saksókn ef maður, sem búið er að dæma fyrir brot, verður uppvís að því að hafa framið annað eða önnur brot áður en hann var dæmdur, enda megi ætla að ekki verði um frekari refsingu að ræða þótt sakfellt yrði fyrir þau brot.

Í málum þar sem lögreglustjóri fer með ákærvald getur hann fallið frá saksókn. Nú telur hann ástæðu til að falla frá saksókn skv. 2.–4. mgr. en vafa leika á heimild til þess og skal hann þá senda héraðssaksóknara málið til ákvörðunar.